

Opinn skólaráðsfundur í Ölduselsskóla í hátíðarsal skólans

21. febrúar 2020

Skólaráð: Elínrós, Erla, Heiðrún, Vala, Kristín, Guðmundur, Kjartan og Saga.

Gestir: Foreldrar og kennarar (25 manns).

Efni:

- 1) Breyting á skólaráði;
 - Guðmundur M. Daðason tekur sæti Guðjóns Inga Guðjónssonar sem situr fyrir hönd foreldra í skólaráði. Guðjóni Inga þakkað fyrir vel unnin störf í skólaráði og Guðmundur M. boðinn velkominn.
 - Elínrós útskýrir fyrir gestum tilgang og hlutverk skólaráðs.

- 2) Símalaus Ölduselsskóli;
 - Stjórnendur þakklátir aðkomu foreldrafélags Ölduselsskóla og stuðning þeirra við verkefnið Símalaus Ölduselsskóli.
 - Áður en verkefnið hófst þá voru símar eina afþreying nemenda í unglingadeild skólans í frímínútum. Nú hefur orðið mikil breyting þar á, nemendur spjalla, tefla, spila borðtennis og fleira.
 - Nemendur hafa þó tækifæri á að nota símana með leyfi kennara sem námstæki.
 - Reglulega rætt við nemendur um að ganga vel um í salnum og fara vel með þá hluti sem keyptir eru til afþreyingar.

- 3) Hátíðarsalur;
 - Í hátíðarsal skólans er komið sig í gólfíð. Ákvörðun var tekin um að loka þeim hluta hátíðarsalsins þar sem sig er til að tryggja öryggi starfsmanna og nemenda. Óskað eftir því að Reykjavíkurborg muni fara í framkvæmdir strax í sumar.
 - Í vor mun útskrift nemenda í 10. bekk fara fram á öðrum stað t.d. í Seljakirkju.

- 4) Staða skólastjóra Ölduselsskóla;
 - Á næstu vikum mun staða skólastjóra Ölduselsskóla verða auglýst en skóla og frístundasvið býr til auglýsingu og leggur fyrir skólaráð.

- 5) Skóladagatal 2020-2021;
 - Skóladagatal næsta skólaárs er í vinnslu og drög lögð fram í apríl.
 - Áætlað að hafa námskynningar í september í stað þess að hafa þær í ágúst.

- 6) Jólaborp;
 - Mikil ánægja með nýtt fyrirkomulag í tengslum við jólaskemmtanir. Margir nemendur, foreldrar og starfsfólk hafa lýst yfir áhuga á að hafa jólaborpið árlegt verkefni í Ölduselsskóla

- 7) Fyrirhuguð verkföll;
- Vegna verkfalls Eflingar mun 5. – 10. bekkur taka með sér hádegisnesti þar sem að starfsmaður í eldhúsi er félagi í Eflingu.
 - Sameyki boðar til allsherjarverkfalls þann 9. mars. Skoða þarf hvernig hægt að halda úti skólai. Skólastjórnendur verða boðaðir á fund í upphafi mars hjá SFS. Ljóst er að verkfall mun hafa mikil áhrif á skólastarf.
- 8) Önnur mál;
- Nemandi í 10. bekk lýsir yfir miklum áhuga á að boðið verði upp á hafragraut á morgnana.
 - Ómetanlegt samstarf milli foreldra og skóla. Hefð er fyrir miklu og góðu samstarfi.
 - 20 nemendur Ölduselskóla tóku þátt í árlegri stærðfræðikeppni á vegum Borgarholtsskóla. Nemendur eru mjög áhugasamir og hafa náð góðum árangri.
 - Mikill skákáhugi hefur orðið til í unglingadeild eftir að nemendur fengu markvissa skákkennslu í hringekju. Tillaga nemenda að bæta við skákborðum einnig er áhugi fyrir því að keyptir verði skákmenn sem hægt væri að nota á útiskákvellinum á skólalóðinni.
 - Mikil áhugi meðal stjórnenda og starfsmanna að koma upp tækniherbergi þar sem ýmis hljóð- og myndvinnsla gæti farið fram með nemendum.
 - Vegna mikillar fjölgunar nemenda í skólanum í vetur þá er ákveðin vandi með rými innan skólans. Reynt er að nýta alla króka og kima vel.
 - Í Ölduselsskóla er leitast við að nota fjölbreyttar kennsluaðferðir og vilji fyrir skapandi skólastarfi með nemendum.

Fundi slitið 09:30

Fundarritari: Erla Erlendsdóttir